

Bæjarstjórn 05.11.2015

Á fundi bæjarstjórnar 5. nóv. 2015 lagði María Grétarsdóttir fram eftirfarandi tillögu:

„Fólkið í bænum, leggur til að í fjárhagsáætlun Garðabæjar 2016-2019 verði gert ráð fyrir fjármagni til að byggja fjölnota knattús á Ásgarðssvæðinu samhliða frekari uppbyggingu á svæðinu. Með þessu fjármagni verði tryggt að framkvæmdir við fjölnota knattús hefjist sem allra fyrst. Í áætlun komi fram heildarkostnaður við byggingu hússins, hvenær hafist verði handa við byggingu þess og hvenær því skuli lokið.“

Greinargerð

Þann 16. janúar 2014 samþykkti bæjarstjórn að skipaður yrði starfshópur undir forystu bæjarstjóra til undirbúnings byggingar fjölnota knattúss í Garðabæ. Í greinargerð kom fram að verkefni starfshópsins væri að koma fram með tillögu um hvar byggt skuli fjölnota knattús, af hvaða gerð og stærð og hvenær. Við ákvörðun um fjárfestingu vegna slíkrar framkvæmdar væri rétt að hafa í huga að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga. Við gerð slíks mats skyldi tekið tillit til annarra framkvæmda á vegum bæjarfélagsins og mat lagt á hvenær hægt væri að hefja framkvæmdir. Jafnframt er lögð áhersla á mikilvægi þess að forsvarsmenn bæjarfélagsins eigi samvinnu við foreldra og forsvarsmenn Stjörnunnar og er vísað í því efni til ályktunar félagsins frá október sl.

Bæjarstjórn samþykkti að vísa tillögunni til bæjarráðs